



Til bæjarráðs.

Kópavogi, 30. apríl 2024
24011344/001.02 ÁAK

Efni: Til bæjarráðs - úrskurður ÚUA í máli nr. 7/2024

Meðfylgjandi er úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 16. apríl 2024 í máli nr. 7/2024. Með úrskurðnum er staðfest sú ákvörðun byggingarfulltrúa Kópavogs að hafna umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi og stakstæðum bílskúr á lóðinni Kópavogsbraut 12.

Í málinu var deilt um lögmæti þeirrar ákvörðunar byggingarfulltrúa að synja kærendum um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi og stakstæðum bílskúr en á lóðinni er fyrir einbýlishús og bílskúr. Byggingarleyfisumsóknin var grenndarkynnt íbúum nærliggjandi húsa en svæðið er ekki deiliskipulagt. Í málsástæðum Kópavogsbæjar er það rakið að ákvörðun um að grenndarkynna erindi kæranda hafi verið tekin á grundvelli meðalhófs og rannsóknarskyldu stjórnvalda.

Í úrskurðinum er rakið að fyrirhuguð byggingaráform hafi ekki uppfyllt rammaákvæði gildandi aðalskipulags og því hafi Kópavogsbær ekki verið heimilt að samþykka umsóknina á grundvelli grenndarkynningar skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Þá hafi skilyrði til grenndarkynningar ekki verið fyrir hendi, heimild til grenndarkynningar sé bundin því skilyrði að umsókn sé í samræmi við aðalskipulag. Niðurstaða nefndarinnar er að synja kröfu umsækjenda um ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar.

Virðingarfyllst,

Ása A Kristjánsdóttir
Bæjarlögmaður

